



Esbjörn at the Study Corner
Carl Larsson, 1912
National Museum, Sweden
Public Domain

EUROPEANA EDUCATION

Leiðbeiningar um notkun Europeana í
kennslu og námi

13 mars 2017

Europeana í kennslu

Fyrir hverja eru þessar leiðbeiningar?

- Kennara í öllum námsgreinum þó sérstaklega í listgreinum, sögu og tónlist.
- Þá sem eru að þróa kennsluefni (við umsóknir, leiki og fleira).
- Útgefendur námsefnis.
- Alla nemendur sem vilja leita að efni í fjölbreytilegum og traustum gagnabönkum.


Eftir að hafa kynnt þér þessar leiðbeiningar munt þú:

- Vita hver við erum og hvað við gerum.
- Þekkja bestu leiðirnar til að finna efni við hæfi.
- Öðlast færni til að finna efni sem leyfilegt er að nota í kennslu.
- Vita hvernig á að vísa til efnis sem þú notar.
- Hafa sjálfstraust til að búa til og deila eigin kennsluefni (og mögulega markaðsetja það).

Þetta skjal er í stöðugri þróun og endurgjöf er vel þegin. Sendu ábendingar og athugasemdir á reuse@europeana.eu.

Efni

1. Hvað er Europeana?
2. Lykilþættir
3. Að leita í Europeana
4. Að finna efni til að nota
5. Hvernig á að vísa til efnis
6. Að nota Europeana API
7. Vertu með!



[bokägarmerke, exlibris](#)

Höfundur óþekktur, 1929

Malmö museer, Sweden

Public Domain

Hvað er Europeana?

Hvað höfum við fram að færa?

→ Fjölbreytt og fræðandi efni:

- Yfir 50 milljón verk sem tilheyra [stafrænni menningararfleið](#) eins og ljósmyndir, kvikmyndir, tónlist, dagblöð, ritaðar heimildir (bréf, dagbækur and bækur), mælt mál og fréttamyndskeið.
- [Yfir 20 milljónir verka](#) sem henta til notkunar í kennslu.
- [Sýningar](#) og sértæk söfn.
- Efni á 22 tungumálum (og fer vaxandi) og sýningar á 12 tungumálum eru í boði

→ Til að ná í efni og nota það:

- [Leit og niðurhal](#)
- [Fjögur APIs](#)



Við erum evrópskur vettvangur fyrir stafræna menningararfleið, styrkt af Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins

Lykilþættir

Höfundarréttur: [Höfundarréttur](#) fjallar um vernd [hugverka](#) og verndar upprunaleg listaverk (t.d. ljósmyndir, málverk og bókmenntaverk) sem og annað útgefið efni. Höfundarréttur hefur tímatakörk; eftir að [hann rennur út](#), þá verður verkið almenningseign sem leyfir að það sé notað og nýtt af hverjum sem er án endurgjalds og án þess að þurfa sérstakt leyfi frá höfundi þess.


Gagnagjafar og stofnanir: Þessi þáttur snýr að söfnum, listasöfnum, skjalasöfnum og bókasöfnum (sem og öðrum stofnunum) sem veita Europeana aðgang að starfrænum gagnasöfnum sínum. eða stafrænni menningararleifð sinni).

Frjálst að nota: Efni sem má nota í hagnaðarskyni eða ekki í hagnaðarskyni; þetta nær til efnis sem er merkt sem Public Domain (öllum aðgengilegt), og sem eru án höfundarréttar merktar CC0, CC BY og CC BY-SA.


Afnot: Að nota efni á nýjan hátt (t.d. styðjast við það, aðlaga það, blanda saman efni) og/eða nota það í nýju samhengi (stafrænt eða hliðrænt), til dæmis í „öpp“, leiki, vefgáttir eða þrívíðar myndir.

Að leita í Europeana

Á [heimasíðu](#) okkar er leitarstrengur sem veitir aðgang að öllu efni Europeana.



Hægt er að byrja leit með því að slá inn markorð (t.d. "horses") á leitarstrenginn.



Þetta gefur margar niðurstöður. Val er um að sjá þær í hnitneti eða lista og um hvað margar niðurstöður birtast á blaðsíðu.

Ábendingar við leit


Ef þú vilt ekki vafra eða ef þú veist að hverju þú ert að leita, notaðu þá þessi leitarráð til að finna það sem þú leitar að!

"National library of France"	Notaðu gæsalappir fyrir nákvæma leit með mörgum orðum.
COUNTRY: France	Leit að uppruna.
Hvenær: when:(1944) eða ár: YEAR:[1525 TO 1527]	Til að leita eftir ári eða tímabili.
Notaðu ~ á eftir orði sem þýðir líkt og, t.d. 'posaune~' og þá mun einnig koma 'posaunisten' í leitinni.	Notaðu bylgjutákn (~) til að finna efni með svipaða stafsetningu eða orð sem eru líklega til a vera notuð í samhengi við það sem leitað er að.
Notaðu ~ á eftir setningu eða orðasambandi til að finna orð með tengingu við það, t.d. 'Carl Schallhas~10' mun koma með niðurstöður fyrir Carl Philipp Schallhas.	
Notaðu AND, OR, NOT til að fá betri leit, t.d. 'salt AND pepper'; 'salt NOT pepper'; 'salt OR pepper'	Vertu nákvæmari í leit þinni með því að nota (sviga) og AND, OR, NOT.
Notaðu () við ítarlega leit, t.d. '(salt AND pepper) AND cooking'; 'NOT(salt AND pepper) AND cooking'	
Algildistákn (Wildcard) * skilar leit orða með ótakmörkuðum stafafjölda eftir táknið, t.d. 'ca*' mun skila leit cat, cap, cane, cable, canary o.s.frv..	Ólíkt leit á Google, er ekki hægt að finna það sem leitað er að ef það er vitlaust stafsett. Ef þú ert ekki viss með stafsetningu getur þú notað algildistákn (wildcards) eins og * eða ?. Þetta á við um öll orð, þó ekki um fyrsta staf orðsins.
Algildistákn (Wildcard) ? Skilar leit orða með einumbreytilegum bókstaf þar sem táknið er sett t.d. 'ca?e' will find cafe, cane, care, case o.s.frv..	

Leitarskilyrði

Notaðu síurnar okkar vinstra megin á skjáum til að leita að efni eftir:

- **Pema safns - A collection theme:** frá og með mars 2017, Listir (Art), tíska (Fashion) og tónlist (Music).
- **Miðilstag - The type of media:** Mynd, texti, hljóð, myndskreið, 3D
Ábending: með því að velja 'only items with links to media' færðu efni sem hægt er að hlaða niður beint af Europeana.
- **Má ég nota efnið - Can I use it?** Upplýsingar um leyfi á notkun verksins.
- **Upprunaland - Providing country:** Hvar stofnunin er sem útvegar efnið.
- **Tungumál - Language.**
- **Stofnun - Institution:** Í þeim tilvikum þar sem þú vilt aðeins efni frá ákveðnum aðila/veitu.



A vertical list of search filter options, each with a downward-pointing arrow on the right side. The options are: REFINE YOUR SEARCH, COLLECTIONS, MEDIA, CAN I USE IT? (with a blue question mark icon), PROVIDING COUNTRY, LANGUAGE, AGGREGATOR, and INSTITUTION.

Screenshot of search filter

Að finna efni til afnota

Europeana gerir þér auðvelt að finna efni sem má nota í kennslu og námi. Það er gert með því að tryggja að hvert stafrænt verk sé merkt með [rights statement](#) (yfirlýsingu um meðferð heimildar) sem lýsir því hvernig þú getur notað verkið (sjá að neðan í gulu).



Media Metadata

Title	Gros Bull-dog, coiffé d'un chapeau : [photographie de presse] / Planet Planet News (Agence de presse). Agence photographique	FIND OUT MORE View at National Library Of France ↗
Description	Ancien détenteur : Agence de presse Mondial Photo-Press	CAN I USE IT? Free Re-use © Public Domain Marked ↗

Screenshot featuring [Gros Bull-dog, coiffé d'un chapeau : \[photographie de presse\] / Planet | Planet News \(Agence de presse\)](#). Agence photographique, 1933. National Library of France, Public Domain. Highlights by Europeana.

Hvað má ég nota?

Það efni sem leyfilegt er að nota er merkt með annað hvort Public Domain merki, CC0, CC BY eða CC-BY-SA. [Public domain \(PD\)](#) merkt verk má nota að vild hvort sem er með hagnað í huga eða ekki, en þú átt alltaf að vísa til heimildarinnar.

Þegar efni er merkt með [Creative Commons \(CC\)](#) leyfi, geta verið auka skilyrði eða takmarkanir á notkun þess. Þú getur séð hverjar þær eru með því að líta á bókstafina sem eru fyrir aftan CC hlutann í yfirlýsingunni:

- BY – gerir kröfu um að vísað sé til verksins.
- SA - share alike - gerir kröfu um að þú deilir eigin verki með sömu skilmálum.
- NC - non-commercial – leyfir ekki notkun á efni í hagnaðarskyni.
- ND - no-derivatives – ekki má breyta verkinu á nokkurn hátt.


Á vef Europeana getur þú fundið [ítarlegar upplýsingar](#) um mismunandi yfirlýsingar um meðferð heimilda.

Ef þú vilt nota efni með annars konar yfirlýsingu um meðferð á heimild, þá ættir þú alltaf að kanna leyfis-skilmálana. Þú getur fundið meiri upplýsingar á síðunni undir 'Additional rights information', eða með því að smella á hlekkinn til að skoða verkið og skilmálana um notkun sem gefnir eru upp á vefsíðu upplýsingaveitandans (data provider).

Að finna efni til notkunar

Þú getur fundið efni til að nota með því að velja **'Can I Use it?'** fellilista á leitarstrengnum. Hann er vinstra megin á skjánum þegar þú leitar.

Eftir það getur þú valið **'Free Reuse'** og niðurstöðurnar verða þrengdar þannig að þær sýna aðeins efni sem leyfilegt er að nota.



Screenshot of filter functionalities on copyright

Hvernig á að geta heimildar?

Það er mjög mikilvægt að veita réttar upplýsingar um menningarverk sem eru notuð svo aðrir þekki um uppruna þeirra.

Við hvetjum þig einnig til að styðja stofnunina, sem gerði efnið aðgengilegt á netinu, með því að deila hlekk til upplýsingar um heimildina.

Sjá [næstu blaðsíðu](#) þar sem eru dæmi um hvernig á að skrá Europeana sem heimild.

Einfaldur gátlisti:

- Titill
- Nafn höfundar (ef hann er þekktur)
- Útgáfutími (ef hann kemur fram)
- Nafn stofnunar
- Yfirlýsing um meðferð heimildar
- Hlekkur á verkið í Europeana (ef þú notar það á vef)

Það á alltaf að vísa til efnis sem er notað

Dæmi um tilvísanir



[De drieling Van der Pol geboren op 16 november 1948. V.l.n.r. Betty, Hanny en Sus \(Fransje\), 1950.](#) Stadsarchief 'S-Hertogenbosch, Netherlands, CC BY-SA




[\[Cygnes\] : \[panneau décoratif\]](#). Louis Rhead, 1897. National Library of France, Public Domain

Source gallica.bnf.fr / Bibliothèque nationale de France

Hvar finn ég upplýsingar sem ég þarf við gerð tilvísana?

Þú finnur allt sem þú þarft á heimildinni sjálfri. Ef þú ýtir á hlaða niður (**download**), þá getur þú afritað og límt að mestu leyti upplýsingar beint af URL. Það er einnig hægt að nota HTML möguleika til að fella myndina beint inn.



18

1890 JAPANESE LANTERN MAKERS

DOWNLOAD

CAN I USE IT?

Free Re-use

CC0

Media Metadata

ATTRIBUTE THE AUTHOR

D100. Japanese Lantern Makers - <http://europeana.eu/portal/record/204842>

PLAIN TEXT HTML

The download has started. [Retry](#)

Rights: © CC0

Screenshot featuring [D100. Japanese Lantern Makers](http://europeana.eu/portal/record/204842), 1880-1890. Museum Für Kunst Und Gewerbe, Hamburg, CC0
Highlights by Europeana

Að nota forritaskil (APIs) Europeana

Forritaskil - APIs ([Application Programming Interface](#)) - okkar eru vefþjónusta sem gerir mögulegt að leita, sækja og sýna viðeigandi Europeana efni í net-/vefumhverfi eins og smáforritum (öppum), vefsíðum, leikjum, o.s.frv. Europeana leggur núna til [fjögur APIs](#). Öll eru þau aðgengileg með einfaldri skráningu.

- [REST API](#) er mest notaða forritaskilið (API). Það gefur notanda möguleika á að sía gögn af margvíslegum svæðum/ [data fields](#), allt frá dagsetningu og höfundi til tegundar miðils og stærðar.
- [Europeana Linked Open Data service](#) gefur notanda kost á að kanna, opna, og hlaða niður gagnasöfnum með [SPARQL endpoint](#).
- [Europeana OAI-PMH service](#) styður notendur í að safna saman öllum eða hluta af gagnasöfnum Europeana.
- [Europeana Annotations API](#) gerir notanda kleift að búa til, uppfæra og endurheimta textaskýringar fyrir verk í söfnum okkar.

Leiðbeiningar eru á [netinu](#). Fáðu aðstoð við að nota Europeana API með því að senda póst á api@europeana.eu eða með því kynna þér [Europeana API forum](#).

Vertu með!

Takk fyrir að kynna þér leiðbeiningarnar. Við vonum að þær séu gagnlegar og það efni sem við höfum upp á að bjóða sé nýtsamlegt og hvetjandi.

Höldum sambandi!

- Taktu þátt í [LinkedIn hópnum](#), sniðnum að kennurum sem eru í fararbroddi við að nota efni Europeana í kennslu.
- Vertu með á samfélagsmiðlunum með því að nota [#EuropeanaEducation](#) og sýndu okkur hvað þú og nemendur þínir eru að gera!
- Spurðu þeirra spurninga sem brenna á þér í tengslum við leyfi til að nota efni á [@EuropeanaIPR on Twitter](#).
- Sendu okkur póst á reuse@europeana.eu.
- Kynntu þér [vefsíðuna](#) okkar



Trolls are the favorite toys of children
at the Nutsschool In Den Bosch
Felix Janssens, 1993
Stadsarchief 's-Hertogenbosch,
Netherlands
CC BY-SA

